

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar – SEA



Starfsáætlun 2014

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík
Sími: 411 1111

Netfang: upplýsingar@reykjavik.is
Vefföng: www.reykjavik.is/sea · www.investinreykjavik.is

Leiðarljós:

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánú samstarfi við aðra sem málið varðar og með hag allra borgarbúa í huga.

Inngangur

Hlutverk skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og helstu verkefni	4
Skilvirk verkefnastýring á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar	5
Skipurit SEA	5
Eignasjóður Reykjavíkur	6
Drifkraftur atvinnuþróunar	7
Skapandi borg - atvinnustefna Reykjavíkur	7
Fjölbreytt viðfangsefni og aukin samskipti við atvinnulífið	8

Megináherslur og markmið

Fjárfestingar sem skapa atvinnu og auka lífsgæði	9
Hámörkun á verðmæti eigna borgarinnar	9
Kjöraðstæður fyrir atvinnufyrirtæki og aukinn sóknarhugur	9
Gott viðhald eigna og fagurfræðilegur metnaður	10
Græn borg	10
Aukið öryggi í miðborginni	10
Góð yfirsýn við verklegar framkvæmdir	10

Þróun verkefna og framkvæmdir

Samningur milli SEA og Umhverfis- og skipulagssviðs	11
Ferli verklegra framkvæmda	12

Framkvæmda- og fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar 2014

Gerð fjárfestingaráætlunar	13
Helstu framkvæmda- og fjárfestingarverkefni 2014	14
Fjárfestingar Eignasjóðs 2014 - yfirlit	15
Helstu atvinnuþróunarverkefni 2014	16
Atvinnuþróunarverkefni 2014 - yfirlit	16

Yfirlit verkefna á fjárfestingaráætlun 2014

Menningar- og ferðamálasvið	17
Velferðarsvið	17
Skóla- og frístundasvið	18
Íþrótt- og tómstundasvið	19
Ýmsar fasteignir	19
Nýbyggingarhverfi	20
Þjóðvegir og aðrar umferðargötur	21
Umhverfis- og aðgengismál	22
Umferðaröryggi	22
Ýmsar framkvæmdir	23
Miðborgin - gatnaframkvæmdir	23
Lóðir, lönd og skipulagseignir	24
Meiriháttar viðhald	24
Áhöld, tæki og hugbúnaður	25
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar	
Málaskrá SEA	26
Styrking innviða - viðfangsefni 2014	27
Rekstraráætlun 2014	28
Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri	28
Starfsfólk skrifstofu eigna og atvinnuþróunar	29

Inngangur

Hlutverk skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA) og helstu verkefni hennar

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) gætir eigna Reykjavíkurborgar og fylgir eftir gildandi stefnum um skipulag, þróun atvinnusvæða og atvinnuuppbyggingu sem hluta af heildstæðri og sjálfbærri borgarþróun. SEA hefur gert þjónustusamning við Umhverfis- og skipulagssvið (USK) um verklegar framkvæmdir fjárfestingaákvæðana og ýmis eignaumsýsluverkefni. Hér fyrir neðan er lýst í stuttu máli helstu viðfangsefnum SEA.

Eignasjóður – fjárfestingar og viðhald

- SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar.
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við fjárfestingaráætlun nýframkvæmda og búnaðar fyrir hvert ár og vinnu við fimm ára fjárfestingaráætlun í samráði við fagsviðin og fjármálaskrifstofu (FMS).
- SEA ber ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð viðhaldsáætlunar eignasafns Reykjavíkurborgar.
- SEA er ábyrg fyrir og annast frumathuganir fjárfestingarverkefna.
- SEA sér um markaðssetningu og þróun lands í samræmi við atvinnustefnu borgarinnar og aðalskipulag og í samráði við fagsvið borgarinnar. Samstarf er við önnur sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar, hið opinbera (Íslandsstofu) og einkaaðila vegna markaðssetningar á landi og atvinnuþróunar.
- SEA ber ábyrgð á og vinnur að gerð úthlutunar- og útboðsskilmála vegna lóða í samræmi við atvinnustefnu og aðalskipulag.
- Þegar slíkt á við tekur skrifstofan þátt í deiliskipulagsgerð með Umhverfis- og skipulagssviði (USK).

Nýsköpun og þróun

- SEA hefur umsjón með hlutafélögum sem tengjast nýsköpun, þróun og eða eignasjóði Reykjavíkurborgar.

Efling miðborgarinnar

- SEA leiðir sérstök verkefni tengd miðborginni, tekur þátt í þróunarverkefnum til að efla miðborgina, bæta samkeppnisstöðu og fjölbreytileika hennar í samstarfi við aðila verslunar og þjónustu, veitingafólk og aðra hagsmunaaðila.
- SEA vinnur að bættu öryggi miðborgarinnar í samstarfi við lögreglu, slökkvilið og önnur svið borgarinnar. Borgarstjóri hefur skipað sérstakan miðborgarhóp sem SEA leiðir.

Tryggingar- og öryggismál

- SEA hefur umsjón með tryggingamálum Reykjavíkurborgar og fer með þau í samstarfi við fjármálaskrifstofu borgarinnar. Fylgt er stefnu sem samþykkt var í borgarráði 1997, en samkvæmt henni eru einungis keyptar skyldutryggingar en starfsstaðir fá lausafjártjón bætt að tilteknum skilyrðum uppfylltum.
- SEA hefur umsjón með miðlægum samningi um öryggisgæslu fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar.




Skilvirk verkefnastýring á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar

Skipurit SEA er einfalt flétturit tveggja meginviðfangsefna og tveggja stoðeininga. Helstu viðfangsefni skrifstofunnar, eignaumsýsla og atvinnuþróun, eru mjög samtvinnuð þar sem skrifstofan hefur það hlutverk að móta og markaðssetja land og lóðir til atvinnustarfsemi í samræmi við nýtt aðalskipulag og atvinnustefnu Reykjavíkur. Jafnframt á SEA að flétta saman aðgerðir til eflingar atvinnu í borginni og tekjuöflunar.

Til að mæta síbreytilegum og fjölbreyttum verkefnum skrifstofunnar er lögð áhersla á sveigjanlegt skipulag, samvinnu og skilvirka verkefnastýringu þannig að starfsmenn geti beint sameinuðum kröftum þangað sem mest þörf er hverju sinni.

Skipurit SEA



Eignasjóður Reykjavíkurborgar

Eignasjóður er sá hluti borgarsjóðs þar sem haldið er utan um eignir borgarinnar, lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað. Eignasjóður fjármagnar allar framkvæmdir og fjárfestingar á vegum borgarinnar en fær tekjur af innri leigu fasteigna, gatna og búnaðar, sölu byggingarréttar, innheimtu gatnagerðargjalda, tekjum samkvæmt þjónustusamningum og ytri leigu fasteigna og lóða. Fjárfestingar umfram tekjur eru fjármagnaðar með lánum eftir því sem þörf krefur en rekstrarafgangi er ráðstafað til greiðslu lána aðalsjóðs. Fagsvið borgarinnar greiða eignasjóði leigu fyrir afnot af eignum sjóðsins en hlutverk eignasjóðs er m.a. að auka aðhald og auðvelda eðlilegan samburð á rekstri fasteigna við það sem gerist á markaði. Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar fer með umsjón og rekstur eignasjóðs Reykjavíkurborgar.



Myndin sýnir fjárstreymi A-hluta borgarsjóðs, sem skiptist í aðalsjóð og eignasjóð



Drifkraftur í atvinnuþróun

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar vinnur að verkefnum á sviði atvinnuþróunar í samræmi við atvinnustefnu Reykjavíkur. Skrifstofan aðstoðar innlend og erlend fyrirtæki við að koma sér fyrir og eflast innan borgarmarkanna, ásamt því að þróa og markaðssetja atvinnu- og byggingarsvæði í Reykjavík. Skrifstofan er þannig drifkraftur atvinnustefnu og aðalskipulags Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg vill skapa hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulíf í borginni og stuðla að stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, með áherslu á fjölbreytni, hátækni og nýsköpun á grundvelli hugmyndafræði um sjálfbæra þróun og vistvæna orkunýtingu. Skrifstofan leitast eftir að vinna með sem flestum hagsmunaaðilum innan borgarinnar við að skapa kraftmikið umhverfi þar sem nýjar hugmyndir blómstra.

Skapandi borg atvinnustefna Reykjavíkur

Helstu áherslur atvinnustefnunnar eru eftirfarandi:

- Reykjavík skapi kjörumhverfi þar sem einstaklingar og fyrirtæki sjá tækifæri í því að stofna til atvinnurekstrar;
- Reykjavík styrki hlutverk sitt sem höfuðborg landsins og forystuafl á Íslandi í vaxandi alþjóðlegri samkeppni um fyrirtæki, fjárfestingu, vinnuafli og ferðamenn;
- Reykjavík verði í fararbroddi í verðmætasköpun, menntun, velferð og lífsgæðum, mannréttindum og jafnréttismálum og axli forystuhlutverk við uppbyggingu og sjálfbæra þróun íslensks samfélags;
- Reykjavík verði í fararbroddi grænnar þróunar. Heilnæmt umhverfi og fagurt mannlíf verði í fyrirrúmi;
- Reykjavík þróist og dafni sem alþjóðleg menningar- og þekkingarborg þar sem eftirsóknarvert er að búa og starfa og gott er að vera gestur;
- Reykjavíkurborg geri það sem í hennar valdi stendur til að atvinnulíf í Reykjavík byggji á fjölbreytni, háu þekkingarstigi, sköpunarkrafti, öflugum útflutningi og verðmætasköpun og styðji þannig við samkeppnishæfni Íslands til skemmri og lengri tíma.

Fjölbreytt viðfangsefni og aukin samskipti við atvinnulífið


Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (SEA) varð til við skipulagsbreytingar í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar haustið 2012 á grundvelli samþykktar borgarráðs 1. september 2012. Meginverkefni SEA er að sjá um málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar og annast umsýslu eigna borgarinnar, auk þess sem hún tekur við nýjum verkefnum og fylgir eftir atvinnustefnu Reykjavíkur, Skapandi borg. Atvinnustefnan var unnin í samráði við fjölda hagsmunaaðila og byggja þessar skipulagsbreytingar í stjórnsýslunni að hluta til á þeirri vinnu. SEA er ætlað að vera gáttin inn til borgarinnar þar sem utanaðkomandi aðilar geta kynnt hugmyndir sínar og áform og fengið ráðgjöf og leiðbeiningar eftir því sem kostur er. Auk þess á skrifstofan að fylgja eftir markvissri markaðssetningu Reykjavíkur í nánú samstarfi við önnur fagsvið borgarinnar. SEA er hluti af miðlægri stjórnsýslu og gerir tillögur til borgarráðs. Skrifstofan hefur aðsetur í ráðhúsinu.

Skrifstofan hefur frá upphafi sinnt ýmsum atvinnu- og borgarþróunarverkefnum, haldið málþing og kynningarfundir, tekið þátt í ráðstefnum innan lands og utan og sinnt fjölda erinda frá utanaðkomandi aðilum varðandi uppbyggingaráform og framkvæmdir. Starfsemi skrifstofunnar hefur mælst afar vel fyrir meðal þeirra sem vinna að atvinnuþróun og byggingarframkvæmdum í borginni.

Skrifstofan mun halda áfram að sinna bæði stórum og smáum verkefnum á þessu sviði. Lögð er áhersla á að tryggja heildaryfirsýn, koma á tengslum milli þeirra sem mál varðar og stuðla að framgangi mikilvægra verkefna sem eru á döfinni. Jafnframt er það hluti af starfi skrifstofunnar að kanna og meta nýjar hugmyndir og áform út frá skipulagsmálum og stefnu borgarinnar í atvinnu- og borgarþróun.

Á sýningu sem skrifstofa eigna og atvinnuþróunar efndi til í byrjun október 2013 voru kynnt þróunarverkefni og uppbyggingaráform Reykjavíkurborgar, ríkis og einkaaðila innan borgarmarkanna. Fyrst og fremst var leitast við að kynna verkefni sem þegar er búið að móta eða framkvæmdir hafnar en einnig voru kynnt áform sem verið er að undirbúa eða eru jafnvel enn á hugmyndastigi. Sýningin veitti góða yfirsýn yfir þær framkvæmdir sem eru á döfinni og vænta má á næstu árum. Bæði fjöldi og umfang verkefna sem kynnt voru á sýningunni komu á óvart og nýjar hugmyndir og áform eru stöðugt að koma upp á yfirborðið. Ljóst er því að skrifstofa eigna og atvinnuþróunar mun hafa ærin verkefni á næstu árum.

Umfangsmikill þáttur í starfi skrifstofunnar er umsýsla eigna borgarinnar, þróun atvinnusvæða og byggingarreita, lóðaleiga, kaup, sala og viðhald fasteigna. Þessi starfsemi tengist að hluta stefnu og mótuðum áformum um þróun byggðar og atvinnulífs í borginni á komandi árum. Þessi þáttur varðar þó ekki síður hagsýna umsjá og hámarkun verðmæta allra eigna borgarinnar en á því sviði eru óþrjótandi viðfangsefni sem krefjast skipulegra og markvissra aðgerða. Það er hlutverk skrifstofu eigna og atvinnuþróunar að leiða þá vinnu í nánú samstarfi við fagsvið borgarinnar.





Megináherslur og markmið

Fjárfestingar sem skapa atvinnu og auka lífsgæði

Reykjavíkurborg hefur lagt áherslu á að halda háu fjárfestinga- og framkvæmdastigi í kjölfar stefnumörkunar árið 2010 en kjarni hennar var að skynsamlegt væri að fjárfesta og framkvæma í kreppu. Markmiðið var að auka atvinnu, nýta slaka í byggingariðnaði til að fá góð verð og ráðast í verkefni sem bættu lífsgæði borgarbúa til lengri tíma. Sérstök áhersla var lögð á að flýta fyrirhuguðum skólabyggingum, ráðast í endurbætur á sundlaugum um alla borgina og leggja nýja hjólastíga til að auðvelda grænar samgöngur. Þessi stefna er enn höfð að leiðarljósi. Við forgangsöröðun verkefna er horft til ábendinga íbúa, forgangsöröðunar hvers fagsviðs borgarinnar fyrir sig, sem og á afleiddan rekstrarkostnað hvernar fjárfestingar til lengri tíma. Leitast er við að forgangsraða þannig að fjárfestingin leiði af sér sem minnstan rekstrarkostnað og skapi sem flest störf á framkvæmdatímanum. Þá er lögð mikil áhersla á að fjárfestingar sem ráðist er í þjóni sem flestum og stuðli að auknum lífsgæðum og sjálfbærri þróun borgarinnar.

Hámörkun verðmæta eigna borgarinnar

SEA vinnur að atvinnu- og borgarþróun samkvæmt nýju aðalskipulagi og atvinnustefnu borgarinnar og leggur áherslu á þróun sérhæfðra atvinnusvæða, þéttingu og blöndun byggðar. Skrifstofan leiðir ýmis þróunarverkefni samkvæmt þessari stefnumörkun og hefur vakandi auga á nýjum þróunarmöguleikum. Alltaf er við það miðað að samhæfa þróun skipulags, atvinnusvæða og íbúðahverfa og hámarka verðmæti eigna borgarinnar hverju sinni.

Kjöraðstæður fyrir atvinnufyrirtæki og aukinn sóknarhugur

SEA vinnur að því í samstarfi við stjórnvöld og stofnanir, félög, fyrirtæki og einstaklinga, að skapa kjöraðstæður fyrir atvinnufyrirtæki, einkum lítil og meðalstór, til að eflast og dafna innan borgarinnar. Áhersla er lögð á að laða til borgarinnar fyrirtæki, frumkvöðla og þekkingarstarfsmenn sem falla vel að þeim þáttum sem teljast til styrkleika hennar til að treysta þá og gera góða borg betri.

Gott viðhald eigna og fagurfræðilegur metnaður

Sparnaðaraðgerðir eftir efnahagshrunið 2008 leiddu til að þörf fyrir viðhald safnaðist upp og er mikið verk framundan á næstu árum við að ná jafnvægi í viðhaldi eigna. SEA hefur mótað stefnu með áherslum og markmiðum í viðhaldi fasteigna og annarra stærri eigna sem heyra undir eignasjóð Reykjavíkurborgar. Helstu markmið viðhaldsstefnunnar eru að eignir séu alltaf í góðu ástandi, að notendum líði vel í og við eignirnar og að þær nýtist sem best fyrir starfsemi borgarinnar. Einnig kveður viðhaldsstefnan á um að fagurfræðilegur metnaður skuli ríkja í umsjá með eignum og þær séu til sóma fyrir alla borgarbúa. Þá er og gert ráð fyrir að viðhaldsstefnan sé höfð til hliðsjónar við nýframkvæmdir þar sem viðhaldskostnaður er í beinu samhengi við gæði mannvirkja.

Græn borg

Í innkaupum áhalda og tækja eru umhverfisvæn viðmið í öndvegi. Metanvæðing bílaflota Reykjavíkurborgar er nokkuð vel á veg komin og verður haldið áfram m.a. með kaupum á nýjum sorpbílum. Rafvæðing bifreiða og vinnutækja borgarinnar er líka hafin og gert er ráð fyrir að smám saman fjölgi í þeim flota.

Aukið öryggi í miðborginni

SEA leiðir upplýsinga- og samráðshóp borgarstjóra um málefni miðborgarinnar og tekur einnig þátt í samstarfi ýmissa hagsmunaaðila, slökkviliðs, lögreglu o.fl. um verkefni sem miða að því að efla öryggi í miðborginni.

Góð yfirsýn við verklegar framkvæmdir

Við stofnun SEA, samhliða öðrum skipulagsbreytingum í stjórnsýslu borgarinnar, skapaðist þörf fyrir að endurskoða verkferla og ýmis gögn. SEA og USK hafa gert með sér samning um ábyrgðar- og verkaskiptingu í þeim tilgangi að tryggja skýra yfirsýn yfir þróun, undirbúning og framkvæmd allra verkefna. SEA mun jafnframt leggja áherslu á að styrkja innviði skrifstofunnar og skýra samstarfsferla innan borgarkerfisins til að byggja upp þá þjónustu sem skrifstofunni er ætlað að veita.





Þróun verkefna og framkvæmdir

Samningur milli SEA og USK



Í framhaldi af stjórnkerfisbreytingum þegar þrjú svið urðu að Umhverfis- og skipulagssviði og skrifstofa eigna og atvinnuþróunar var stofnsett haustið 2012 var gerður samningur um samstarf þessara starfseininga. Tilgangur samningsins er að skilgreina verkaskiptingu og ábyrgð þeirra á sviði viðhalds og framkvæmda á vegum borgarinnar með það að markmiði að tryggja skýra heildarsýn á verkefnið, bæði faglega og fjárhagslega. Jafnframt að skilgreina þau þjónustuverkefni sem USK annast fyrir SEA og ekki er haldið utan um í verkbókhalði. Gert er ráð fyrir að samningsaðilar geti gert með sér samkomulag um nánari útfærslu og markmið vegna einstakra verkefna sem samningurinn tekur til og teljist það þá hluti hans.

SEA fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar og ber því ábyrgð á og leiðir vinnu við gerð áætlana um fjárfestingar og framkvæmdir ásamt rammaáætlun fyrir viðhald fasteigna. USK ber hins vegar ábyrgð á verklegum framkvæmdum og viðhaldi, annast kostnaðareftirlit og skilar reglulega verkstöðuskýrslum til SEA. Haldið er utan um þessa þætti í verkbókhalði og greitt fyrir samkvæmt því. USK annast og ber ábyrgð á umsjón og viðhald á vefsíðum eignasjóðs á innri og ytri vefsvæðum Reykjavíkurborgar, Verkefnavef, Eignavef, Framkvæmdasjá og Landupplýsingakerfi, auk viðhalds á rafrænni rekstrarhandbók SEA. Í samningnum eru nánari ákvæði um verkaskiptingu, samráð og samstarf SEA og USK varðandi frumathuganir fjárfestingarverkefna, hönnun á mismunandi stigum og gerð kostnaðar- og greiðsluáætlana fyrir einstakar framkvæmdir.

Ferli verklegra framkvæmda

Samkvæmt þjónustusamningi SEA og USK ber skrifstofa framkvæmda og viðhalds hjá USK ábyrgð á öllum framkvæmdum sem tengjast mannvirkjum Reykjavíkurborgar, húseignum hennar og gatnakerfi. Í því felst undirbúningur og hönnun, verklegar framkvæmdir og umsjón með viðhaldi.

Samþykktar- og framkvæmdaferli



Myndin sýnir samþykktar- og framkvæmdaferli verklegra framkvæmda eftir að þær hafa verið samþykktar í fjárhagsáætlun



Framkvæmda- og fjárfestingaáætlun Reykjavíkurborgar 2014

Gerð fjárfestingaráætlunar

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar ber ábyrgð á og leiðir vinnu við undirbúning fjárfestingaráætlunar í samstarfi við fagsviðin sem hvert um sig vinna með sínu fagráði.

Í febrúar var haldinn fundur með sviðsstjórum og formönnum fagráðanna, fulltrúa fjármálaskrifstofu og fulltrúa USK, þar sem farið var yfir óskalista og hugmyndir viðkomandi sviðs um fjárfestingar næstu fimm ára innan ramma gildandi 5 ára áætlunar. Varðandi fjárfestingarverkefni þar sem kostnaðaráætlun var ekki fyrirbyggjandi kom til kasta skrifstofu framkvæmda og viðhalds hjá USK sem vann frumkostnaðaráætlun fyrir viðkomandi verk. Þegar kostnaðaráætlanir lágu fyrir var aftur fundað með fagsviðum þar sem forsvarsmenn þeirra fengu tækifæri til að forgangsraða óskum sínum. Þeir fundir fóru fram í lok apríl og byrjun maí. Í framhaldi var það á ábyrgð SEA að vinna heildstæða tillögu að fjárfestingaráætlun til næsta árs og næstu fimm ára. Áhersla var lögð á að draga fram afleiddan rekstrarkostnað einstakra fjárfestinga enda byggir forgangsróðun þeirra, m.a. á því að fjárfestingin leiði af sér sem minnstan afleiddan rekstrarkostnað. Einnig var lögð áhersla á verk sem sköpuðu flest störf á framkvæmdatímanum, jafnframt því að þau væru í samræmi við þarfir og óskir fagsviðanna, þjónuðu sem flestum og stuðluðu að sjálfbærri þróun borgarinnar. Þessi vinna er unnin í nánú samráði við fjármálaskrifstofu, borgarráð og borgarstjóra sem leggur fram fjárfestingaáætlun næsta árs og til fimm ára.

Eins hefur SEA í samráði við formann borgarráðs og formann skipulagsráðs safnað saman upplýsingum um væntanlegar framkvæmdir einkaaðila. Liggja nú fyrir betri upplýsingar en áður um framtíðarhorfur varðandi byggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis í borginni.

Góð reynsla hefur verið af samráði við hverfaráð og borgarbúa um forgangsróðun verkefna. Verður því haldið áfram, m.a. gegnum vefinn Betri Reykjavík þar sem hægt er að koma á framfæri hugmyndum um framkvæmdir í einstökum hverfum sem síðan er kosið um af íbúunum. Auk þess að vera gagnlegur upplýsingagrunnur um óskir og forgangsróðun borgarbúa getur þessi aðferð leitt til þess að ýmis verkefni sem íbúarnir telja mikilvæg komi fyrir til framkvæmda en ella.

Í fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 sem samþykkt var af borgarstjórn 3. desember 2014 er gert ráð fyrir að heildarfjárfesting ársins 2014 að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum nemi tæplega 7,3 milljörðum króna. Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir fjármögnun að stærstum hluta af eigin fé en 30% eða tæplega 2,2 milljarða króna með lánsfé að því gefnu að það fáiast á ásættanlegum kjörum. Fjárstýringarhópur gerir tillögur til borgarráðs um fjármögnun einstakra fjárfestinga og framkvæmda eftir því sem verkinu vindur fram jafnframt því sem áfangar framkvæmdaferlis verða kynntir í borgarráði.

Helstu framkvæmda og fjárfestingarverkefni 2014

Í fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að brúttófjárfesting ársins nemi tæplega 8,4 milljörðum króna. Þar af verður ríflega 3,6 milljörðum króna varið til fasteigna og stofnbúnaðar sviða, tæplega 2 milljörðum króna verður varið til annarra fjárfestinga, þ.e. kaupa á áhöldum, tækjum og hugbúnaði, kaupa á lóðum, löndum og fasteignum vegna skipulags og til meiriháttar viðhaldsverkefna. Jafnframt er gert ráð fyrir að tæplega 2,8 milljörðum króna verði varið til gatnagerðar og annarra umhverfisframkvæmda. Að stærstum hluta er um að ræða áframhald framkvæmda sem þegar eru hafnar eða hafa verið í undirbúningi síðustu misseri. Má þar nefna hönnunarvinnu við nýjan grunn- og leikskóla ásamt íþróttahúsi og sundlaug í Úlfarsárdal, átak í endurnýjun skólalóða, nýja þjónustumiðstöð við Spöngina og endurgerð Hverfisgötu.

Meðal nýrra viðfangsefna á fjárfestingaráætlun 2014 er undirbúningur að stækkun Grófarhúss, fjölgun færanlegra kennslustofa, breytingar á hverfastöðvum USK, kaup á nýjum sorpbílum og átak í endurnýjun tölvubúnaðar í skólum sem og öðrum starfsstöðvum borgarinnar. Af nýjum umferðar- og umhverfisframkvæmdum má nefna endurnýjun Pósthússtrætis og Hofsvallagötu auk þess sem áhersla er lögð á almenningsgarða og opin svæði.

Helstu nýbyggingarhverfi borgarinnar er byggðin í Úlfarsárdal og Reynisvatnsási þar sem gert er ráð fyrir 1.400 íbúða byggð. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu í útjaðri borgarinnar heldur ráðgert að næsta nýbyggingarsvæði verði í Skerjafirði þar sem Reykjavíkurborg hefur samið um kaup á landi sem rúmar um 800 íbúða byggð. Jafnframt er unnið að þéttingu byggðar á minni reitum svo sem á Slippasvæði þar sem ráðgert er að rísi um 150 íbúðir og við Keilugranda þar sem gert er ráð fyrir 50 nýjum íbúðum. Reiturinn við Umferðarmiðstöðina er í þróun fyrir samgöngumiðstöð og er gert ráð fyrir nokkrum atvinnu og/eða íbúðalóðum við endurskipulagningu hans. Þá er Elliðavogurinn þróunarsvæði og fleiri koma til þegar nýtt aðalskipulag tekur gildi.

Langstærsta einstaka fjárfestingin á komandi árum er uppbygging í Úlfarsárdal: Nýr skóli, menningarmiðstöð, sundlaug og íþróttastaða í Úlfarsárdal er viðfangsefni opinnar hönnunarsamkeppni sem Reykjavíkurborg efnir til í samvinnu við Arkitektafélag Íslands. Við undirbúning málsins hefur verið lögð áhersla á að fara nýjar leiðir og skapa möguleika til heildstæðs skóla- og frístundastarfs þar sem byggðir fermetrar samnýtist með tengingu húsa. Jafnframt er reiknað með að starfsskipulag yfir daginn frá morgni til kvölds stuðli að góðri nýtingu mannvirkjana og hagkvæmni í rekstri.





Næst-stærsta einstaka framkvæmdin er breytingar og viðbygging við Klettaskóla. Gert er ráð fyrir nokkurri nýbreytni í byggingu leikskóla, en á Slippasvæðinu í Vesturbugt er áformuð aðstaða fyrir leikskóla uppi á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi ásamt leiksvæði í þakgarði.

Eignfærðar endurbætur á mannvirkjum hafa komið á móti hagræðingarkröfu í viðhaldi. Nú þegar miklum endurbótum á sundlaugarmannvirkjum er að ljúka er áhersla lögð á endurbætur skólamannvirkja með 800 milljón króna fjárfestingu á árinu 2014. Hefur SEA, í nánu samráði við USK og notendur mannvirkjanna greint verkefnið og lagt fram sundurliðaðar tillögur til borgarráðs um hvernig þeirri upphæð verði varið.

Fjárfestingar Eignasjóðs yfirlit	2014
Menningar- og ferðamálasvið	397.500
Skóla- og frístundasvið	1.710.000
Íþrótt- og tómstundasvið	870.000
Velferðarsvið	490.000
Ýmsar fasteignir	145.000
Fasteignir og stofnbúnaður	3.612.500
Samtals áhöld, tæki og hugbúnaður	700.000
Samtals lóðir, lönd og skipulagseignir	212.500
Samtals endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	1.075.000
Aðrar fjárfestingar	1.987.500
Samtals	5.600.000
Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur	185.000
Nýbyggingahverfi	405.000
Miðborgin - gatnaframkvæmdir	550.000
Umhverfis- og aðgengismál	950.000
Umferðaröryggismál	50.000
Umhverfissvið - Ýmsar framkvæmdir	625.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	2.765.000
Eignasjóður fjárfestingar samtals:	8.365.000

Helstu atvinnuþróunarverkefni 2014

Sem hluti af atvinnuþróun Reykjavíkurborgar hafa verið spunnar framtíðarmyndir eða sviðsmyndir úr þráðum sem taldir eru styrkleikar Reykjavíkur og völdum atvinnugreinum sem skilgreindar hafa verið sem kjarnagreinar í atvinnustefnu borgarinnar. Þessar kjarnagreinar eru græn orka, sjávarútvegur, upplýsingatækni, skapandi greinar, ferðaþjónusta og heilsa. Inn í þessa framtíðarsýn er leitast við að draga ástæður fyrir erlenda aðila að festa fjármuni sína. Næstu skref verða að máta framtíðarmyndirnar inn á svæði sem metin eru áhugaverð til atvinnuþróunar svo sem Vatnsmýri, Esjumelar og miðborgin.

Áætlun 2014	Upphæðir í þús.kr.
Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðis	7.500
Markaðssetning borgarinnar	6.000
Heimsóknir erlendra blaðamanna	2.500
Ráðstefnuhald	2.000
Þátttaka í ráðstefnum	2.000
Klasauppbýgging	1.500
Auglýsingar	6.000
Þróun nýrra atvinnusvæða	13.500
Samtals atvinnuþróun	41.000





Yfirlit verkefna á fjárfestingaráætlun 2014

Menningar- og ferðamálasvið	2014
Borgarleikhús - endurbætur á sviðsbúnaði og í forsal	80.000
Viðey - nýtt afgreiðsluhús fyrir ferju á Skarfabakka	40.000
Kjarvalsstaðir - endurnýjun lofta í sýningarsölum	10.000
Hafnarhús - endurbætur á tæknibúnaði og hljóðvist í sýningarsölum	10.000
Gerðuberg, menningarmiðstöð - endurbætur og breytingar innanhúss	70.000
Ásmundarsafn - lagfæringar og endurbætur	10.000
Árbæjarsafn - ný geymslubygging	90.000
Landnámssýning, Aðalstræti 16 - endurnýjun margmiðlunarbúnaðar	10.000
Grófarhús - stækkun - nýtt skipulag fyrir Tryggvagötu 13	50.000
Sameining Minjasafns, Ljósmyndasafns, Sjóminjasafns og reksturs Viðeyjar	27.500
Samtals Menningar- og ferðamálasvið	397.500

Endurbætur á sviðsbúnaði Borgarleikhúss, stækkun Grófarhúss eða „húss orðins“ eins og það hefur verið kallað, nýtt afgreiðsluhús fyrir Viðeyjarferju og endurnýjun í Gerðubergi eru meðal stórra verkefna í menningar- og ferðamálum.

Velferðarsvið	2014
Spöngin 43 - ný þjónustumiðstöð	250.000
Verkefni vegna skammtíma- og dagvistunar fyrir fatlað fólk	150.000
Lindargata 48, gistiskýli - innréttingar og endurbætur	90.000
Samtals Velferðarsvið	490.000

Á árinu 2014 verður bætt úr brýnni þörf útigangsmanna fyrir næturskjól þegar þjónusta Gistiskýlisins verður flutt frá Þingholtstræti 25 að Lindargötu 48. Framkvæmdir við nýja félagsmiðstöð í Spöng ganga vel en þar verður m.a. dagdeild eldri borgara opnuð árið 2014.

Skóla- og frístundasvið	2014
Norðlingaskóli, Árvað 5 - frágangur og búnaður grunn- og leikskóla	100.000
Sæmundarskóli - tilfærsla á lausum stofum og frágangur lóðar	60.000
Leik- og grunnskóli, Úlfarsbraut - hönnunarsamkeppni og hönnun	100.000
Klettaskóli, Suðurhlíð 9 - hönnun og byggingarútboð	150.000
Ölduselsskóli - nýtt anddyri	60.000
Vogaskóli - frístundarými	130.000
Öryggis- og aðgengismál (Safnliður)	30.000
Skólalóðir og boltagerði við 10 skóla	300.000
Austurbæjarskóli - félagsmiðstöð í spennistöð	45.000
Foldaskóli - innréttingar á sérkennslurými	10.000
Átta nýjar færanlegar kennslustofur útboð og flutningur	136.000
Vesturbæjarskóli - hönnun og útboð viðbyggingar	50.000
Safnfrístund í Laugardal - flutningur og frágangur á stofum	30.000
Endurnýjun áhalda og tækja í skólum (Safnliður)	30.000
Hólmasel - breytingar og endurgerð innanhúss	45.000
Framlög til framhaldsskóla - M5, viðbygging	250.000
Samtals grunnskólar	1.526.000
Endurgerð leikskólalóða við Stakkaborg og Hólaborg	60.000
Viðgerðir og lagfæringar í leikskólum v/öryggismála (Safnliður)	30.000
Steinhlíð - viðbótarhúsnæði	44.000
Vesturbugt - nýr leikskóli	50.000
Samtals leikskólar	184.000
Samtals Skóla- og frístundasvið	1.710.000

Nýir glæsilegir skólar í Norðlingaholti og Grafarholti – Norðlingaskóli og Sæmundarskóli – eru á lokastigi. Á næstu árum verður byggður nýr skóli í Úlfarsárdal auk þess sem ráðist verður í viðbyggingar við Klettaskóla í Öskjuhlíð og Vesturbæjarskóla. Miklar endurbætur eru fyrirhugaðar á skólalóðum 10 grunnskóla. Lóðir Árbæjarskóla, Breiðagerðisskóla, Breiðholtsskóla, Fossvogsskóla og Ölduselsskóla eru næstar í röðinni á árinu 2014. Þar með hefur verið ráðist í endurbætur á öllum skólalóðum í Breiðholti. Battavellir verða gerðir við Kelduskóla og Melaskóla.





Íþrótt- og tómstundasvið	2014
Úlfarsárdalur - íþróttasvæði (Fram) og bílastæði	40.000
Sundhöll Reykjavíkur - útisundlaug	150.000
Sundlaugar - átak í endurbætum í Laugardal og Vesturbæjarlaug	70.000
Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn - afgreiðsla og starfsmannaaðstaða	200.000
Gufunesbær - uppbygging á útivistarsvæði	20.000
Tjaldsvæðið í Laugardal - stækkun á þjónustumiðstöð	70.000
Laugardalshöll - endurnýjun á hitakerfi	60.000
Laugardalsvöllur - endurnýjun á kastsvæði og hlaupabraut	70.000
Úlfarsárdalur - hönnun íþróttahúss og sundlaugar	100.000
Endurnýjun áhalda og tækja (Safnliður)	20.000
Skiðalyftur í hverfum - bæta aðstöðu, m.a. við Jafnasel	10.000
Árbæjarlaug - strandblakvöllur	15.000
Bláfjöll - bætt aðstaða	45.000
Samtals Íþrótt- og tómstundasvið	870.000

Við Sundhöllina verður byggð ný útisundlaug á grundvelli hönnunarsamkeppni og í Úlfarsárdal verður byggð sundlaug og nýtt íþróttahús hverfisins. Bæði verkefni hefjast 2014. Jafnframt verða framkvæmdir við íþróttasvæðið í dalnum. Umfangsmiklum endurbótum í sundlaugum borgarinnar lýkur 2014. Þjónusta á tjaldsvæðinu í Laugardal verður einnig bætt með stærri þjónustumiðstöð. Þá verður ráðist í skemmtilega uppbyggingu fyrir káta krakka í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Ýmsar fasteignir	2014
Varmahlíð 1 (Perlan) - undirbúningur fyrir náttúruminjasýningu	35.000
Hverfastöðvar USK - breytingar vegna sameiningar stöðva	110.000
Samtals Ýmsar fasteignir	145.000

Perlan er spennandi framtíðarstaður fyrir Náttúruminjasýningu en borgin hefur keypt hana af Orkuveitu Reykjavíkur. Óvissa er um opnun sýningarinnar þar sem afstaða ríkisins til verkefnisins er óljós.

Nýbyggingarhverfi	2014
Gönguleiðir - framkvæmdir í eldri hverfum (Safnliður)	30.000
Norðlingaholt - gróðursetning, gönguleiðir, lýsing o.fl.	10.000
Reynisvatnsás - gönguleiðir, yfirborðsfrágangur	20.000
Úlfarsárdalur - gönguleiðir, yfirborðsfrágangur, snjóbræðsla	50.000
Þétting byggðar (Safnliður)	30.000
Sléttuvegur - gönguleiðir, yfirborðsfrágangur	10.000
NLSH - undirbúningur	10.000
Stúdenta- og Vísindagarðar HÍ - Alvogenlóð - undirbúningur framkvæmda	20.000
Hádegismóar - frágangur gönguleiða og ræktun	10.000
Mýrargata-Slippasvæði - framkvæmdir skv. nýju deiliskipulagi	50.000
Lambhagavegur - gatna- og stígagerð	150.000
Lambasel - gangstéttir og stígar	10.000
Hólaberg - stígar skv. breyttu deiliskipulagi	5.000
Samtals nýbyggingarhverfi	405.000

Mörg íbúðarsvæði eru á undirbúningsstigi og verður vaxandi kraftur í uppbyggingu þeirra á næstu árum. Sérstakt átak er ráðgert í byggingu leiguhúsnæðis og lítilla og meðalstórra íbúða. Meðal þeirra svæða sem verða í byggingu 2014 eru hafnarsvæðin, Hlíðarendi, stúdentaíbúðir í Vatnsmýri, reitir við Laugaveg og á Hlemm-svæðinu auk hverfa í Úlfarsárdal og Norðlingaholti þar sem unnið verður að ræktun og frágangi.





Þjóðvegir og aðrar umferðargötur	2014
Ýmsar framkvæmdir með Vegagerðinni	50.000
Miðlæg umferðarstýring - umferðaljós	30.000
Strætó - forgangsgreinar og biðstöðvar	50.000
Geirsgata-Lækjargata - hönnun og framkvæmdir v. skipulags á Hörpureit	20.000
Fellsvegur - tenging hverfa í Grafarholti og Úlfarsárdal	5.000
Reynisvatnsvegur - lagning malarslitlags	15.000
Laugalækur - malbiksslitlag við verslanir	15.000
Samtals þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur	185.000

Nokkrar fjölfarnar stofnbrautir liggja um Reykjavík og er gott samstarf við Vegagerðina um ýmsar úrbætur í tengslum við þær.

Áhersla er áfram lögð á forgangsgreinar Strætó og úrbætur við biðstöðvar.

Endurgerð á Hverfisgötu sem hófst sumarið 2013 verður að mestu lokið 2014. Þá hefst undirbúningur að endurgerð fleiri eldri gatna og sumarið 2015 verður lokið við endurgerð Frakkastígs.


Göngutenging miðborgarinnar og Hörpu fær andlitslyftingu með endurgerð Pósthússtrætis.

Umhverfis- og aðgengismál	2014
Göngu- og hjólastígar í eldri hverfum - endurnýjun (Safnliður)	100.000
Gönguleiðir - aukið öryggi og aðgengi fyrir skólabörn og aldraða	70.000
Göngu- og hjólastígar - endurbætur og nýir stígar	350.000
Ýmsar framkvæmdir (Safnliður)	30.000
Breiðholtsbraut v. Norðlingaholt - göngubrú, í samstarfi við Vegagerðina	105.000
Gangbrautarljós	20.000
Aðstaða fyrir hjólréiðafólk - hjólastandar, hjólaskýli, hjólavísar	5.000
Strætóskýli - upphitun	20.000
Hofsvallagata - endurgerð götu og hjólastíga	150.000
Gönguleiðir og ræktun - ýmsar framkvæmdir í eldri hverfum	30.000
Strætóskýli - endurnýjun	20.000
Ruslastampar - endurnýjun	5.000
Brautarholtsstígur, Kjalarnesi - stígur meðfram götu	35.000
Víkurvegur við Árleyni - gönguleiðir og aðgerðir til að auka umferðaröryggi	10.000
Samtals umhverfis- og aðgengismál	950.000

Hjólréiðamenningin hefur tekið miklum breytingum og Reykjavíkurborg hefur mætt nýrri þörf af krafti, bæði á stofnstígum í samstarfi við Vegagerðina, sem og á minni stígum. Átak verður gert í að bæta aðstöðu með hjólastöndum og hjólaskýlum.

Umferðaröryggi - hraðahindranir og merking vástada	2014
Umferðaröryggi - hraðahindranir og merking vástada	50.000
Samtals umferðaröryggismál	50.000

Árlega er bætt úr umferðaröryggismálum í hverfum borgarinnar í samræmi við sértaka umferðaröryggisáætlun. Hraðahindranir og merkingar hafa víða verið settar upp með góðum árangri. Sérstaklega er hugað að gönguleiðum skólabarna og stöðum sem álitnir eru vástaddir. Þá verður hraðamyndavélum fjölgað í samstarfi við Vegagerðina og lögreglu.





Ýmsar framkvæmdir	2014
Götulýsing - endurbætur og endurnýjun	100.000
Yfirlög - ný malbiksslitlög	150.000
Malbik - endurgerð slitlaga	150.000
Bryggjuhverfi - innsiglingarljós og dýpkun	20.000
Sorpílát - ný sorpílát	20.000
Grenndarstöðvar - endurbætur	20.000
Hljóðvarnir skv. aðgerðaráætlun	5.000
Grasagarður - lagning stíga og innréttingar á safndeildum	5.000
Klambratún - endurbætur og endurskipulagning	15.000
Gufunes - skipulagning og framkvæmdir v. útivistarsvæði	20.000
Hljómskálagarður - lagfæringar og endurnýjun á gróðri	10.000
Tjörnin - endurbætur á tjarnarkanti	10.000
Vatnsmýri - endurgerð friðlands, áfangi 2	10.000
Önnur svæði - endurgerð opinna leiksvæða skv. úttekt	45.000
Tækjakaup - endurnýjun tækjabúnaðar USK	15.000
Undirbúningur vegna verkefna næsta árs	30.000
Samtals ýmsar framkvæmdir	625.000

Áhersla er lögð á almenningsgarða og opin svæði 2014 undir liðum sem heita ýmsar framkvæmdir. Hljóðvarnir verða einnig bættar á næstu fimm árum.

Miðborg - gatnaframkvæmdir	2014
Hverfisgata, endurgerð	400.000
Laugavegur - lagfæringar	30.000
Þingholt - „torgin þrjú“ endurgerð	20.000
Pósthússtræti - endurgerð	100.000
Samtals miðborgin	550.000

Lóðir, lönd og skipulagseignir	2014
Samgöngumiðstöð í Vatnsmýri - undirbúningur og samkeppni	50.000
Ný byggingasvæði - þróun og uppbygging	65.000
Önnur kaup á eignum	97.500
Samtals lóðir , lönd og skipulagseignir	212.500

Ný samgöngumiðstöð með fjölbreyttum möguleikum fyrir almenningssamgöngur, hjólaleigu og snjallbíla mun rísa í Vatnsmýrinni á næstu árum. Reykjavíkurborg hefur leyst til sín landssvæðið og keypt húsnæði núverandi BSÍ. Ráðgert er að efna til samkeppni um skipulag samgöngumiðstöðvar og nánasta nágrennis árið 2014.

Meiriháttar viðhald	2014
Leikvellir, torg og opin svæði - átaksverkefni	100.000
Meiriháttar viðhaldsverk fasteigna, endurgerð og lagfæringar	800.000
„Hverfapottar“ - verkefni skv. íbúakosningu	150.000
Staðarnet Reykjavíkur - uppbygging	25.000
Samtals endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	1.075.000

Undir merkjum „Betri hverfa“ hafa íbúar í Reykjavík komið með tillögur að verkefnum sem kosið er um í rafrænni kosningu. Margar góðar hugmyndir hafa komið þar fram og fengið brautargengi. Átaksverkefnið „Torg í biðstöðu“, sem er hluti af verkefninu „Leikvellir, torg og opin svæði“, hefur einnig virkjað þátttöku margra hugmyndasmiða og vakið athygli og áhuga íbúa. Þessi verkefni eru snar þáttur í að skapa skemmtilegri borg og bæta nærumhverfi íbúa.





Áhöld, tæki og hugbúnaður	2014
Hugbúnaður	150.000
Endurnýjun tölvubúnaðar	350.000
Sorpbílar - kaup á fjórum nýjum bílum	200.000
Samtals áhöld, tæki og hugbúnaður	700.000

Ráðist verður í tímabæra endurnýjun tölvubúnaðar í skólum og öðrum starfsstöðvum Reykjavíkurborgar fyrir 1,7 milljarða á næstu fimm árum. Þá verður bílafloti borgarinnar endurnýjaður með áherslu á vistvænar lausnir. Á þessu ári verða m.a. keyptir fjórir nýir visthæfir sorpbílar með tvískiptum söfnunarhólfum.

Nr. GoPro	Mál
R14010122	Húsnæðisstefna - innleiðing
R14010068	Vatnsmýri - þekkingargarðar
R14010066	Varmahlið 1 – Perlan – rekstur og breytingar 2014
R13110234	Lóðarumsókn fyrir aksturskennslusvæði (ökugerði)
R13110231	Reykjavíkflugvöllur – framtíðarstaðsetning - verkefnisstjórn
R13110221	Lest milli Keflavíkflugvallar og Reykjavíkur
R13110197	Vatnsmýrarvegur 10 – Samgöngumiðstöð - samráðshópur
R13110159	Barónsstígur 32a, Austurb.skóli. spennistöð – aðstaða unglinga
R13110157	Smáþjóðaleikar á Íslandi 2015-skotaðstaða-umsögn
R13110151	Búsetukönnun 2013-Betri borgarbragur - búsetuóskir
R13100475	Tjarnargata 11 – Ráðhús - innanhússbreytingar
R13100424	Úlfarsárdalur – samningar við Fram
R13100396	Staðarnet Reykjavíkur
R13100364	Varðveislusetur menningarverðmæta Reykjavíkurborgar
R13090038	Sæmundargata 15-19 – Alvogen húsbýgging
R13090022	Vesturbugt - Byggingarskilmálar
R13090020	Minjavernd – Möguleg flutningshús og lóðir
R13090019	Esjan – Farþegaferja - kláfur
R13080084	Tryggvagata 13 – Stækkun bókasafns - deiliskipulagsgerð
R13070121	Rafstöðvarvegur 4 – Toppstöðin - kvikmyndaver
R13070040	Sævarhöfði 33 – Björgun - framtíðaráform
R13060119	Hamar, Úlfarsárlandi – leiga á skemmu
R13060091	Skautahöllin í Laugardal – endurnýjun samnings
R13060041	Skilmálar vegna lóðasölu hjá sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu
R13050137	Hús árstíðanna í Garðhúsabæ
R13050121	Háskóli Íslands - Lóðasamkomulag
R13050111	Samningur Skipulagssjóða/Eignasjóðs og Gámaþjónustunnar
R13050093	Grandagarður 2 – Sögusafnið – breytingar innanhúss
R13040077	Hjallastefnan – Húsnæðismál Hj.st. við Háskólann í Reykjavík
R13030072	Starfshópur – Greining á þjónustupörf í skóla og frístundamálum
R13020102	Gufunes – Samningur Eignasjóðs við Íslenska gámafélagið
R13020091	Invest in Reykjavík
R13020090	Nordic Project on Talent Attraction
R13020079	Esjumelar
R13010190	Fab-lab – opin vinnustofa
R12100372	Vatnsmýri – Skerjafjörður – flugstöð – flugbraut - samningar
R12100355	Reykjavíkflugvöllur – framtíðarstaðsetning – rannsóknir/úttekt
R08070082	Gróðrarstöðin Mörk – Stjörnugróf 18

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Málaskrá SEA

Við upphaf árs 2014 eru rúmlega 200 verkefni og erindi í málaskrá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar í GoPro. Fjölmörg þeirra varða lóðaúthlutanir og lóðarleigusamninga, lóðabreytingar og kaup og sölu eigna. Margvísleg önnur verkefni eru í vinnslu á skrifstofunni, m.a. mál sem varða borgarþróun og atvinnuuppbyggingu, allt frá hugmyndum á frumstigi til mótaðra áforma. Auk þess kemur skrifstofan að samningagerð af ýmsu tagi. Tafla til hliðar sýnir yfirlit yfir nokkur af helstu verkefnum á málaskrá SEA við upphaf árs 2014.





Styrking innviða - viðfangsefni 2014

Aðlögun að þjónustusamningi SEA og USK	Tímarammi: Jan-feb.	Ábyrgð: HJ, MN, BD
Sameiginlegur fundur með starfsmönnum SEA og USK þar sem þjónustusamningurinn er kynntur og skýrt hlutverk þeirra starfsmanna sem helst þurfa að vinna eftir samningnum. Innleiðing mánaðarlegra verkstöðufunda SEA og USK. Innleiðing verklags starfsmanna SEA við eftirlit fjárfestingarverkefna á Verkefnavef og ut anumhald í málaskrá (GoPro). Markmið: Tryggja gott samstarf um framkvæmd samningsins.		
Málaskrá SEA í GoPro	Tímarammi: Jan-mars	Ábyrgð: HJ, MN
Öll verkefni sem skrifstofan tengist og erindi sem henni berast skulu skráð í GoPro málaskrá. Mótaðar verði reglur og vinnulag um notkun á eiginleikum kerfisins, svo sem áminningum, tilmælum og athugasemdum. Markmið: Samræmt og skilvirkt verklag við notkun málaskrár.		
Verkferlar fyrir ýmis verkefni SEA	Tímarammi: Jan-jún.	Ábyrgð: HJ, allir
Mótun og samræming verklags við meðferð mála og afgreiðslu erinda á skrifstofunni. Markmið: Samræmd og skilvirk málsmeðferð.		
Innleiðing niðurstöðu- og árangursvísa	Tímarammi: Jan-okt.	Ábyrgð: HJ, BD
Valdir verði niðurstöðuvísar fyrir SEA í bókhaldi og mótaðir árangursvísar fyrir dagleg störf á skrifstofunni í samræmi við skilgreind viðfangsefni og yfirlýst markmið. Markmið: Tryggja yfirsýn og skilning á afköstum og árangri skrifstofunnar.		
Kynning á SEA inna og utan borgarkerfis	Tímarammi: Jan-des.	Ábyrgð: HJ, MN, ÓÖE
Kynna starfsemi SEA innan borgarkerfisins. Fundur með þjónustuveri í byrjun árs til kynningar og samráðs um framsetningu upplýsinga til viðskiptavina. Þarfagreining og gerð upplýsinga- og kynningarefnis við mismunandi aðstæður. Einfaldur bæklingur um starfsemi og þjónustu SEA. Markmið: Markviss upplýsingagjöf um SEA.		
Fræðslu- og þemafundir	Tímarammi: Jan-des.	Ábyrgð: HJ, MN, BD
Fræðslusamkoma 1x í mánuði (föstudagsmorgnar). Fá utanaðkomandi aðila til að fræða starfsmenn SEA um ýmis mál er tengjast starfi skrifstofunnar, svo sem um aðalskipulag, Innri endurskoðun, úttektir/skýrslur sem varða viðfangsefni SEA, kynningar á upplýsingakerfum borgarinnar (Borgarvefsjá, Skipulagssjá, Eignavefur, Framkvæmdasjá) o.fl. Stuttar skoðunar- og kynningarferðir innan höfuðborgarsvæðisins geta komið í stað fræðslufunda á skrifstofunni. Markmið: Stuðla að upplýstum umræðum og faglegri nálgun í störfum skrifstofunnar.		
Starfsþjálfunardagar	Tímarammi: Jan-des.	Ábyrgð: HJ, MN, BD
Sérstakir starfsþróunardagar verði haldnir að minnsta kosti 2x á ári til að fást við afmörkuð, mikilvæg málefni og treysta samstarf innan hópsins. Markmið: Samheldinn og lausnafús starfshópur.		

Rekstraráætlun 2014

Áætlun 2014	Upphæðir í þús.kr.
Rekstrartekjur (Leigutekjur)	16.233.429
Aðrar tekjur (Söluhagnaður)	1.600.000
Samtals tekjur:	17.833.429
Laun og launatengd gjöld	115.409
Annar rekstrarkostnaður	2.476.600
Afskriftir	3.820.427
Samtals gjöld:	6.412.436
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	11.420.993
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4.914.205)
Rekstrarniðurstaða:	6.506.788

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri					
	2010	2011	2012	Útkomuspá 2013	Áætlun 2014
Lóðaúthlutun					
Úthlutun og sala byggingarréttar 1)	-27 íbúðir	-10 íbúðir	5 íbúðir	92 íbúðir	192 íbúðir
Eftir húsgerðum;					
Einbýli	-7 íbúðir	1 íbúð	3 íbúðir	7 íbúðir	5 íbúðir
Rað-, par- og tvíbýlishús	-2 íbúðir	-11 íbúðir	2 íbúðir	18 íbúðir	11 íbúðir
Fjölbýlishús	-18 íbúðir	0	0	67 íbúðir	176 íbúðir
Eignarekstur					
Fjöldi fasteigna í rekstri	339	342	344	345	345
Flatarmál fasteigna í rekstri	498.952m ²	501.682m ²	518.452m ²	525.103m ²	526.200m ²
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	0	69	71	126	130
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	0	0	7	7	8

1) Tölurnar sýna nettófjölda íbúða sem seldur var byggingarréttur á, að frádregnum þeim sem hefur verið skilað eða afturkallaðar. Tölur um sölu byggingaréttar 2013 miðast við 22. október 2013.



Starfsfólk SEA



Hrólfur Jónsson
Skrifstofustjóri



María Nielsdóttir
Verkefnastjóri skrifstofu



Magnús Ingi Erlingsson
Lögfræðingur eignaumsýslu



Ólafur I. Halldórsson
Fulltrúi eignaumsýslu



Guðlaug S. Sigurðardóttir
Fjármálastjóri



Óli Jón Hertervig
Umsjónarmaður eigna



Dagný Thorarensen
Fjármálasérfræðingur



Jón Valgeir Björnsson
Umsjónarmaður
viðhalds fasteigna



Óli Örn Eiríksson
Atvinnuþróun



Bjarni Daníelsson
Verkefnastjóri



Gunnar Már Jakobsson
Lögfræðingur



Einar I. Halldórsson
Lögfræðingur



Berglind Söebech
Verkefnastjóri trygginga



Reykjavíkurborg